

## Breytingartillögur

við frv. til l. um vaktstöð siglinga.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 3. gr.
  - a. Í stað orðanna „nota leiðsögumann“ í 3. tölul. komi: hafa um borð leiðsögumann.
  - b. Í stað orðanna „nota hafnsögumann“ í 5. tölul. komi: hafa um borð hafnsögumann.
2. Við 5. gr.
  - a. Í stað orðanna „eftirlit Landhelgisgæslu Íslands“ í fyrri málslið 2. mgr. komi: eftirlit með mengun sjávar.
  - b. Við bætist ný málsgrein sem orðist svo:  
Fyrir þjónustu í sjálfvirka tilkynningarkerfinu skal eigandi hvers skips greiða árgjald sem rennur til að mæta kostnaði af rekstri sjálfvirka tilkynningarkerfisins.
3. Í stað orðanna „höfn í aðildarríki“ í 1. mgr. 9. gr. komi: íslenskri höfn.
4. Í stað orðanna „nota hafnsögumann“ í 1. mgr. 12. gr. komi: hafa um borð hafnsögumann:
5. Við 13. gr.
  - a. Í stað orðanna „nota leiðsögumann“ í 1. mgr. komi: hafa um borð leiðsögumann.
  - b. Við 1. mgr. bætist nýr málsliður er orðist svo: Ráðherra getur jafnframt með reglugerð falið vaktstöð siglinga að fara með leiðarstjórnun skipa um tiltekin svæði eða við tilteknar aðstæður.
6. 16. gr. orðist svo:  
Undanskilin ákvæðum laga þessara um hafnsögu, leiðsögu og umboðsmann eru skip sem leita hafnar vegna bráðrar hættu eða til að setja á land alvarlega sjúka menn eða slasaða.
7. Orðin „lög um ráðstafanir til öryggis við siglingar, nr. 56/1932“ í 2. mgr. 20. gr. falli brott.